



**Afmælikveðja
frá forseta Íslands
Ólafi Ragnari Grímssyni**

Félag einstæðra foreldra hefur ríkulega mótað samfélagsvitund og sjálfsskilning Íslendinga á áratugum umróts og umbyltinga sem fært hafa íslenskt þjóðfélag í nýjan búning á flestum sviðum.

Vissulega var erfitt í upphafi að ganga gegn rótgrónum viðhorfum og helgisögnum um hið eina og rétta, myndinni af samhentri hefðbundinni fjölskyldu, mynd sem átti uppruna í sambúð kynslóðanna á býlum fyrri alda.

Forystusveit Félags einstæðra foreldra hafði dug og úthald, metnað og menntun til að fá Íslendinga til að skoða veröldina að nýju og skilja þörfina á að breyta lögum og reglum, hefðum og hugmyndum í takt við þann veruleika sem blasti við augum.

Árangurinn hefur verið ótvíræður þótt oft fyndist mörgum of skammt gengið. Börnin og fjölskyldur þeirra hafa þó fundið að breytingarnar hafa oftast verið til góðs. Sá arfur sem birtist okkur í glaðari, hæfari, fróðari og heilbrigðari börnum er besti vitnisburðurinn um að barátta Félags einstæðra foreldra hefur skilað verulegum hluta þess sem frumkvöðlarnir höfðu í huga.

Ég færi Félagi einstæðra foreldra hamingjuóskir og þakkir þjóðarinnar fyrir framlag félagsins til betra og manneskjulegra samfélags á Íslandi. Það er ósk mín og von að félagið hafi áfram afl og úthald til að knýja fram breytingar börnum og foreldrum í hag. Verkefnin eru enn mörg og knýjandi.

Ólafur Ragnar Grímsson
(sign.)